

Olíudreifing ehf.
Ísafjörður

4. júní 2026, Reykjavík
UOS-3329

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. apríl 2026 hjá Olíudreifingu ehf. Ísafirði

Þann 21. apríl 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Olíudreifingu ehf., Ísafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt nýtt frávík kom fram er varðar:

Frávík frá	Lýsing á frávíki	Staða á frávíki
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Frávíkið var skráð: 21. apríl 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Umhverfisupplýsingum var skilað eftir 1. maí 2026</i>	Opið

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. júní 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Sérfræðingur í teymi eftirlits